

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði.

1. gr.

Greiða skal gatnagerðargjald til bæjarsjóðs af öllum lóðum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar áður en þar er veitt byggingarleyfi eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gjaldið reiknast af hverri nýrri byggingu þ.m.t. viðbyggingu, þó ekki af stækkun íbúðarhúss nema gert sé ráð fyrir fjölgun íbúða.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

1. Einbýlishús	kr.	925 000.00	pr. hús
2. Tvíbýlishús	—	1 190 000.00	— —
3. Sambyggð einbýlishús	—	633 000.00	pr. íbúð
4. Fjölbýlishús	—	150 000.00	— —
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	—	606.00	pr. m ³
6. Iðnaðarhús	—	247.00	— —
7. Sérstæð geymsluhús, svo sem skreiðargeymslur o.þ.u.l.	—	141.00	— —
8. Stækkun eldri íbúðarhúsa þegar gert er ráð fyrir fjölgun íbúða	—	972.00	— —

Gjöld samkv. grein þessari eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1881 stig og hækkar eða lækkar í sama hlutfalli og vísitala byggingakostnaðar breytist. Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana hvern um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

3. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

4. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi að undangenginni úthlutun lóðar setur bæjarráð reglur um gjalddaga gatnagerðargjalds við hverja úthlutun lóðar. Þegar byggt er á eignarlóð, byggður er nýr áfangi eða hús stækkað á áður veittri lóð skal greiða gatnagerðargjald áður en byggingaframkvæmdir hefjast.

5. gr.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir: 50% gatnagerðargjalds greiðist eftir 6 mán. Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram og nýr lóðarhafi hefur greitt gatnagerðargjaldið.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

14. október 1975.

Nr. 447.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á 950 millj. króna úr gengismunarsjóði 1975 til þess að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, sbr. b-lið 1. gr. laga nr. 55/1975.

1. gr.

Styrkfjárhæðir skulu vera 5.8% ógreiddra og ógjaldfallinna höfuðstólseftirstöðva erlendra skulda reiknað á sölugengi 14. febrúar 1975. Gengistryggð Fiskveiðasjóðslán skulu metin að hálfu miðað við erlend lán.

2. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausn reikning hjá Fiskveiðasjóði Íslands fyrir hvert skip, sem skuldar erlent og/eða gengistryggt lán. Heimilt er Fiskveiðasjóði að halda sérstakan reikning yfir þá styrkfjárhæð sem tilheyrir hverju erlendu eða gengistryggðu láni fyrir sig. Ef hagkvæmt þykir, er Fiskveiðasjóði heimilt að færa styrkfjárhæðir samkvæmt reglum þessum sem viðbótarfærslur á þá reikninga sem stofnaðir voru vegna ráðstöfunar sama eðlis á 600 milljónum króna úr gengismunarsjóði 1974.

3. gr.

Er Fiskveiðasjóði berst fé úr gengismunarsjóði skal hann tekjufæra hina nýju reikninga samkvæmt ákvæðum 1. gr. Reikningana skal tekjufæra í þeirri röð og þeim mæli, sem áætlað er að gjaldfæra þurfi reikningana samkvæmt reglum þessum. Heimilt er Fiskveiðasjóði að geyma á hverjum tíma nokkurn hluta fjár þess, er honum hefur borist úr gengismunarsjóði án þess að tekjufæra sérstaka reikninga fyrir fénu, enda getur sjóðurinn þá tekjufært slíkt fé þegar skyndilega þarf að gjaldfæra reikning af ófyrirsjáanlegum ástæðum.